

Skólaráðsfundur BES 28. mars 2023

Haldinn á Stokkseyri kl. 14:15

Boðaðir voru:

Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, skólastjóri
Ragna Berg Gunnarsdóttir, aðstoðarskólastjóri
Sigurpór Hjalti Gústafsson, fulltrúi kennara
Drífa Pálín Geirsdóttir, fulltrúi foreldrafélags
Guðmundur Ármann, fulltrúi foreldra
Hafdís Sigurjónsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags
Halla Guðlaug Emilsdóttir, fulltrúi starfsmanna
Hrafninn Líf Elfarsdóttir 10.b. fulltrúi nemenda
Alexander Árni Sófússon 9. b fulltrúi nemenda

Guðrún skólastjóri var boðuð á annan fund, Sigurpór boðaði forföll. Aðstoðarskólastjóri hélt fundinn og ritar fundargerð.

Fundarefni eru þessi:

1. Síðasta fundargerð lesin
2. Farið yfir skólaárið.
 - a. Aðstoðarskólastjóri byrjaði á því að segja frá því sem hefur verið að gerast í skólamálum það sem af er ári.
 - b. Unglingadeildin byrjaði að starfa í fjórum útihúsum og var þröngt um manninn. Við áttum að fá nýju færanlegu stofunna afhentar 6. september, afhending varð rétt fyrir jól og byrjuðum við starfseminna þar um áramót. Við finnum mikinn mun á unglíngastígnu eftir að við fórum að starfa í nýju færanlegu stofunum. Á Stokkseyri hófum við aftur starfsemi í gamla skólanum.
 - c. Það sem ber hæst hjá okkur er án efa afmælisvika og afmælishátíð skólans sem gekk í alla staði mjög vel og fengum við mikið hrós fyrir. Í afmælisvikunni var haldið opið hús fyrir gesti og gangandi á Eyrarbakka og var það svo endurtekið þegar við vorum komin í nýju færanlegu kennslustofunna.
 - d. Við höfum verið að vinna í smíðjum í samstarfi við Listasafn Árnesinga með “list fyrir alla” og gekk það mjög vel og voru bæði nemendur og starfsmenn ánægðir.
 - e. Unglingadeild (9. og 10. bekkur) fór til Reykjavíkur að skoða alþingi, einnig fór þessi hópur á verkmenntasýningu framhaldsskólanna. Við stefnum á að fara annað hvert ár með 9. og 10. bekk á verkmenntasýninguna.
 - f. Keppnir sem nemendur hafa tekið þátt í:
 - i. Stóra upplestrarkeppnin var haldin í Sunnulækjarskóla að þessu sinni og lenti nemandi frá okkur í 3 sæti.
 - ii. Nemandi í 6. bekk komst áfram í smásögukeppni og vann hana.
 - iii. Nemendur í unglíngadeild tóku þátt í stærðfræðikeppni og gekk það vel.
 - iv. Nemendur á yngna stígi tóku þátt í skákmóti og gekk þeim vel.
 - g. Dagar sem við tókum þátt í:
 - i. Hinsegin vika Árborgar var haldin og tókum við þátt í henni, unglíngastígi fékk fyrirlestur en yngna stígið var með fræðslu hjá sér í kennslustundum.
 - ii. Guðmundur Ármann spurði hvort nemendur á unglíngastígi hefðu misst af Gunna og Felix, hann hélt að það hefði verið í tengslum við hinsegin vikuna en svo var ekki þeir voru á öðrum tíma á vegum list fyrir alla.

- iii. Við tókum þátt í alþjóðlegum degi downs heilkennisins með því að vera í mislitum sokknum.
 - iv. Á degi gegn rasisma kom yngra stigið saman og gerði hjarta í salnum okkar.
 - v. Við tókum þátt í eineltisdeginum og fjölda annara daga.
- h. Jólballið frestaðist vegna veðurs en í staðinn var haldin þrettánda skemmtun þar sem helgileikurinn var m.a. sýndur.
- i. Fram undan er árshátíð og Barnabær.
- j. Skólinn er Erasmus+ skóli og sagði aðstoðarskólastjóri í stuttu máli frá öllum Erasmus+ verkefnum sem við höfum verið að vinna í síðustu 5 ár, Erasmus verkefni um vatn er að ljúka. List- og verkgreina kennarar fara til Danmerkur í sumar á námskeið á vegum Erasmus+
3. Skóladagatal næsta skólaárs 2023-2024
- a. Aðstoðarskólastjóri fór yfir skóladagatalið og sagði frá skertum dögum og að mögulega þyrfti að færa starfsdag í maí vegna námsferðar starfsmanna skólans erlendis. Skóladagatalið var samþykkt.
4. Önnur mál
- a. Barnabær verður haldinn vikuna 30. maí - 2. júní.
 - b. Vordagar verða þrjú síðustu dagar skólaársins fyrir skólaslit eins og fyrri ár.
 - c. Guðmundur spyr um úttekt á skólastarfi BES og þá sérstaklega á starfsemi unglingastigsins á Eyrarbakka. Aðstoðarskólastjóri segir frá að ytra mat hafi farið fram árið 2018 og í kjölfarið á því var gerð umbótaáætlun og skólinn hefur skilað inn framvinduskýrslum með reglubundnum hætti samkvæmt beiðni Menntamálastofnunar og í febrúar 2023 var lokaskýrslu skilað og taldi MMS að úrbætur væru fullnægjandi.
Rætt var um stöðu BES á Eyrarbakka og sérstaklega með tilliti til þeirra krefjandi aðstæðna sem þar hafa verið. Rætt var m.a. um nauðsynlegar úrbætur, samanburð á aðstöðu og á námslegri stöðu nemenda unglingastigs BES og annara skóla í sveitarfélaginu. Fyrir liggur að aðstæður nemenda, starfsfólks og kennara við BES á Eyrarbakka hafa verið mjög krefjandi í lengri tíma. Húsnæðismál, heimsfaraldur, mygluvandamál, skólastjóraskipti, veikindi, slæmt aðgengi, takmarkað og slæmt aðgengi hvað varðar tæknimál og tölvur og fleiri þættir sem geta haft áhrif á gæði kennslu, starfsskilyrði og nauðsynleg tækifæri nemenda, starfsfólks og kennara. Guðmundur lagði fram tillögu um að gerð yrði ný úttekt á BES m.a. með tilliti til ofanritaðs. Aðstoðarskólastjóri mun koma tillögunni áfram til skólastjóra og sviðsstjóra fræðsluviðs hjá Árborg.
 - d. Spurt var um færanlegu stofnunar á Eyrarbakka með tilliti til fatlaðra og rætt var um streng sem getur myndast er á milli húsa. Aðstoðarskólastjóri upplýsti að húsnæðið hafi verið tekið út af fagaðilum og telst standast skoðun.
 - e. Halla talaði um lyktina við skólann á Stokkseyri sem þyrfti að skoða betur. Aðstoðarskólastjóri mun óska eftir að þetta verði skoðað betur.
 - f. Drífa spurði um framtíðar íþróttahús og ástand sundlaugar. Skólastjórnendur hafa engar upplýsingar um framtíðar íþróttahús né hvenær eigi að fara í framkvæmdir vegna sundlaugar. Einnig spurði hún hvort skólasálfræðingur væri starfandi við skólann, aðstoðarskólastjóri greindi frá starfsemi sálfræðinga hjá Árborg, en benti á að við skólann starfaði námsráðgjafi í 50% stöðu.
 - g. Drífa sagði frá því að stjórn foreldrafélagsins væri virk, en foreldrar mættu vera virkari þátttakendur í starfsemi félagsins.

Fundi slitið kl. 15:30.

RBG